

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 175/2008 um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.

#### 1. gr.

a-liður 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

- a. Yfirstýrimaður á fiskiskipum og öðrum skipum að ótakmarkaðri stærð og farsviði eftir 12 mánaða siglingátíma sem stýrimaður eða skipstjóri á skipum 24 metrar og lengri að skráningarlengd (*Skírteini: Ca.*).

#### 2. gr.

Á eftir a-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar kemur nýr liður sem verður b-liður og orðast svo:

- b. Undirstýrimaður á varðskipum eftir 18 mánaða siglingátíma (*Skírteini: Db.*).

#### 3. gr.

4. og 5. mgr. II. viðauka reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að gefa út ný skírteini til skipstjórnarstarfa á varðskipum skv. lögum nr. 30/2007 og þessari reglugerð í stað skírteina skv. lögum sem fallið hafa á brott á þann hátt sem eftirfarandi tafla sýnir:

Skírteini	Takmarkanir	Eldra skírteini
Skipherra (EA)	engar	B.5 – 4. stig
Yfirstýrimaður (DA)	engar	B.2 – 3. stig
Undirstýrimaður (DB)	engar	A.5 – 2. stig

Um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna á varðskipum gilda eftirfarandi reglur:

Lengd skips	Skipstjórn
< 24 metrar	Skipherra (EA) og stýrimaður (DA)
24 - 45 metrar	Skipherra (EA), yfirstýrimaður (DA) og undirstýrimaður (CA)
≥ 45 metrar	Skipstjóri (EA), yfirstýrimaður (DA) og tveir undirstýrimenn (DB)

#### 4. gr.

##### Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1., 3. og 4. mgr. 5. gr., 1. og 3. mgr. 6. gr., 3. og 4. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007 og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 3. mars 2010.*

**Kristján L. Möller.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*